



21. árg. 4. tbl. 2012. Útgefandi: Ásatrúarfélagið, Síðumúla 15, 108 Reykjavík

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Haukur Dór Bragason — [vorsidur@asatru.is](mailto:vorsidur@asatru.is)

Umbrot og prentumsjón: Egill Baldursson

# Gleðileg jóla!

Jólablót Ásatrúarfélagsins verður haldið föstudaginn 21. desember.

Blótið hefst stundvíslega kl. 18:00 með hátíðlegri athöfn á lóð félagsins í Öskjuhlíð.

Jólablótssveisla verður síðan haldin í Versölum við Hallveigarstíg. Húsið verður opnað kl. 19:30 en borðhald hefst kl. 20:00.

Margt verður til skemmtunar fyrir alla fjölskylduna:

- Ljósahátíð barnanna
- Ingó galdramaður
- Happdrætti fyrir börn og fullorðna
- Jólasaga
- Mikið af góðri tónlist

Blóttollur er 5.000 kr. fyrir fullorðna en börn yngri en 12 ára fá frítt inn.

Vinsamlega greiðið tímanlega inn á reikning félagsins eða með minnst þriggja daga fyrirvara. Reikningsnúmer félagsins er 0101-26-011444, kt. 680374-0159.

## Þorralót 25. janúar 2013 — Takið bóndadaginn frá

Undirbúningur fyrir þorralót Ásatrúarfélagsins er hafinn. Blótið verður haldið á bóndadegi, föstudaginn 25. janúar. Þorrahlaðborð félagsins eru víðfræg og vinsæl. Að öllum líkindum mun hljómsveitin Ojba Rasta skemmta blótgestum, goðar flytja minni karla og kvenna auk þess sem sitthvað fleira verður til skemmtunar.

Þorralótið verður vandlega auglýst á vefsíðu félagsins [asatru.is](http://asatru.is) og Facebook-síðunni okkar þegar nær dregur. Fylgist vel með og fjölmennið.

# Ný lögrétta

Allsherjarþing var haldið fyrsta vetrardag og var þar kosið í lögréttu. Bjarki Karlsson og Hallur Guðmundsson höfðu verið kosnir til tveggja ára á Allsherjarþingi 2011 og héldu því sætum sínum en kjörtímabili Böðvars Þóris Gunnarssonar og Huldu Sifjar Ólafsdóttur var lokið. Kjörtímabili Halldórs Bragasonar hefði einnig lokið á þessum tíma en hafði áður sagt sig úr stjórn félagsins. Sigurlaug Lilja Jónasdóttir, sem kosin var árið 2011 sem varamaður til eins árs en hafði tekið sæti Halldórs í aðalstjórn, og Lenka Kovářová, 2. varamaður, luku einnig kjörtímabilum sínum.

Í aðalstjórn gáfu kost á sér: Halldór Bragason, Hrafnhildur Borgþórsdóttir, Hulda Sif Ólafsdóttir, Óttar Ottósson og Sigurlaug Lilja Jónasdóttir. Kosningu hlutu þær Hulda, Hrafnhildur og Sigurlaug.

Í varastjórn gáfu kost á sér Böðvar Þórir Gunnarsson, Halldór Bragason og Lenka Kovářová. Kosningu hlutu þau Böðvar og Lenka.

Daginn eftir Allsherjarþing hittist ný lögrétta á opnum lögréttufundi og skipti með sér verkum. Skiptust þau svo:

Hallur Guðmundsson • lögsögumaður  
Sigurlaug Lilja Jónasdóttir • staðgengill lögsögumanns  
Bjarki Karlsson • ritari  
Hulda Sif Ólafsdóttir • gjaldkeri  
Hrafnhildur Borgþórsdóttir • meðstjórnandi  
Lenka Kovářová • 1. varamaður  
Böðvar Þórir Gunnarsson • 2. varamaður

Auk þeirra eiga sæti í lögréttu Hilmar Örn Hilmarsson, sem Allsherjargoði, og Jóhanna Harðardóttir, Kjalnesingagoði, sem kosin var úr hópi goða.

Gaman er að sjá að nú eru konur í meirihluta í stjórn Ásatrúarfélagsins. Þetta er í fyrsta skipti sem það á sér stað og líklega má slá því föstu að óalngengt sé að sam- bærilegar stjórnir hafi fleiri konur en karla. Þarna endurspeglast jafnréttið sem ávallt er haft að leiðarljósi í starfi félagsins.

Megi nýrri lögrétta farnast vel og koma mörgum góðum málefnum til leiðar!

*Ritstjóri*

## Uppruni jólanna

Tilvalin hugleiðing til að setja í jólapakkann. Verð aðeins 1.500 kr.  
Sjá myndbrot á: <http://youtube.com/upprunijolanna>

Egill Örn Egilsson kvikmyndagerðarmaður • [egillfilms@hotmail.com](mailto:egillfilms@hotmail.com) • sími: 698-8471

# Óðinn og hinar níu nætur á aski Yggdrasils

Í Rúnatali Hávamála segir Óðinn frá því hvernig hann hékk í níu nætur í aski Yggdrasils. Margir fræðimenn hafa velt fyrir sér hvernig túlka mætti þessa dvöl hans og hvaða samsvaranir megi finna í öðrum trúarbrögðum. Það er ljóst að heilmargt í norrænni trú svipar til annarra heiðinna trúarbragða og því er ekki vitlaust að líta til þeirra til að skilja hana betur. Washington Matthews sá í samanburði við Zuni-índíána í Norður-Ameríku ýmislegt sameiginlegt með lífsins tré norrænna manna, Yggdrasil, og hinu ameríska „Tree of Emergence“. Hann vitnaði í prófessor Rasmus B. Anderson og verk hans *Norse Mythology* þar sem hann líkti þessum níu nóttum við níu mánaða meðgöngu. Rasmus tjáði Washington að í samtölum sínum við skandinavíska fræðimenn hafi þeim fundist þessar níu nætur vera tvívæðar. Washington vildi meina að það væru samt fleiri forsendur sem mætti nota við þennan samanburð þó það væri eflaust ekki á ótvívæðan hátt. Þar nefndi hann til að mynda að tréð yxi upp frá þremur rótum og mætti bera það saman við naflastrenginn, sem sé samansettur úr þremur æðum, þ.e. tveimur slagæðum og einni bláæð.<sup>1</sup> Þetta er sjálfsagt ekki svo galin túlkun þegar litið er til þess að fylgjan lítur nokkurn veginn út eins og tré. Yggdrasill er lífsins tré og Óðinn sá sem blés lífi í Ask og Emblu. Þar sem níu er svo algeng tala í heimildum um heiðinn sið og galdra er ómögulegt að vita fyrir víst hvort þessi túlkun samræmist skilningi heiðinna manna í fornöld á lífsins tré, enda voru Fimbulljóðin níu sem Óðinn lærði af afa sínum, níu ár liðu á milli stórhátíða heiðinna manna í Uppsölum sem stóðu í níu daga. Þótt undarlegt megi virðast má mögulega sjá fleiri líkindi með getnaði og endurfæðingu, enda stakk Óðinn sjálfan sig með spjóti og helgaði sig þannig sjálfum sér. Þetta gerðu menn einnig í heiðnum sið til þess að helga sig Óðni og fræðimenn hafa stundum tengt spjót getnaðarlimnum, eins og t.d. John Mouratidis. Í keltneskri goðafræði má einnig finna keimlíka samsvörun við þessa athöfn og tegund blóts við guðinn Esus eða Lugh eins og sjá má í doktorsritgerð Lindu Mary Lubbe:

Esus whose name means Master, is often portrayed as a woodsman, and is often accompanied by goats, cranes and a sacred bull. Lugh or Lugus, Lug, Llew, Lleu was a powerful god of light, who was honoured at the festival of Lughnasadh (Baggot 1999:121). He was the master of arts and warefare, and a sorcerer who was able to bring back to life any of his followers who fell in battle (Ions 1997:51). Esus is thus credited with bringing life out of death. The Roman poet Lucan reports that Esus required human sacrifices, which were stabbed, hung on trees and left to bleed to death (Wood 2000:29).<sup>2</sup>

Þarna sjáum við höfuðgoð sem hefur flesta eiginleika sína sameiginlega Óðni og blæs lífi í bardagakappa, rétt eins og Óðinn veitir þeim nýtt líf í Valhöllu. Í þessari sömu grein talar Linda um Lugh sem mikinn galdramann, stríðsmann, hörpuleikara, ljóðskáld og kunnáttumann sem var fagnað á hátíðinni Lughnasadh í byrjun ágúst,

<sup>1</sup> Washington Matthews, „Myths of Gestation and Parturition“, *American Anthropologist* (vol. 4 no. 4) bls 737–742, Blackwell Publishing, 1902.

<sup>2</sup> „A comparison of Celtic and African spirituality“, *Theses and Dissertations (Religious Studies and Arabic)*, University of South Africa 2003.

þar sem menn skryddust húðum dýra og grímum. Óðinn átti það til að hafa hamskipti og sömuleiðis gekk hann með grímu á ferðalögum. Þarna eigum við í Lugh hliðstæðu við Óðin.

Snúum okkur aftur að hinum nínu nóttum á aski Yggdrasils. Þar nam Óðinn rúnirnar frá Mími, en skv. Ólafi Briem er það síður meðal ýmissa þjóða að galdramenn þurfi að ganga í gegnum einhvers konar þrautir eða vígslu til þess að þeim megi opinberast leyndardómar og þeir öðlast kraft og hæfileika. Sýndardauði var oft hluti af þessu þar sem viðkomandi átti að deyja í þykjustunni og rísa síðan aftur upp frá dauðum, endurfæddur sem fullþroskaður maður. Hangandi á trénu lærði Óðinn einnig nínu galdraljóð, Fimbulljóðin, en orðið galdur merkir upphaflega söngur. Það er stundum talað um að gala eða þylja seið, en seiður er ein tegund galdra. Hann lærði Óðinn af Freyju, en seiðurinn var frá Vönum kominn. Að vísu þótti þetta kvenleg iðja og mikil ergi ef karlmenn voguðu sér að iðka seið, en það stöðvaði ekki Óðin. Þannig gat hann séð inn í framtíðina, vitað óorðna hluti og örlög manna og líka haft áhrif á heilsu, hamingju, vit og afl annarra svo dæmi séu nefnd.<sup>3</sup> Ingunn Ásdísardóttir segir í bók sinni frá Dag Strömback, sænskum fræðimanni, sem taldi sálnaflakk og hamskipti lykilatíði í iðkun seiðs, tengir það sjamanisma frá Sömum og átti hann að hafa borist frá þeim til norrænna manna. Það litla sem við vitum um seið virðist nefnilega samsvara því sem við vitum um samískan sjamanisma. Seiðmaðurinn eða -konan hefur hæfileika til að ferðast milli heima og getur átt samskipti við anda og öðlast þekkingu á öðrum heimum og nýtt það í starfi sínu, sem getur verið eftir atvikum hvort heldur sem er illt eða gott. Það má segja að í þessu sambandi séu bæði Óðinn og Freyja ekki síður hættuleg en góðviljuð, enda tengjast þau bæði stríði og dauða. Þetta er ekki síst mikilvægt í ljósi þess að Freyja hefur að öllum líkindum verið völvan Gullveig, sú sem æsirnar reyndu þrífvegis að brenna en tókst ekki, enda er Freyja máttugust af öllum gyðjunum og á hálfan val á móti Óðni.<sup>4</sup> Stefanie V. Schnurbein skrifaði grein um norrænan sjamanisma og hvað fræðimenn hefðu haft um hann að segja. Það sem er hvað athyglisverðast þar voru t.a.m. tilraunir Uno Holmbergs til að túlka Yggdrasil sem sjamanískt tré og hina nínu íviði sem nínu hæðir á himni, þ.e.a.s. þau þrep í trénu sem sjamanar þurfa að klifra í ferð þeirra til handanheima. Hún minntist líka á Rolf Pipping sem útfærði þessar kenningar frekar og sá fyrir sér að dagarnir nínu sem Óðinn hékk í trénu samsvari sjamanískri vígsluathöfn sem einnig entist í nínu daga og á að gefa sjamaninum innsæi inn í hina nínu heima. Þá var einnig talað um þann hóp fólks sem fylgir völvunum, sönginn sem hann syngur til þess að hjálpa henni að falla í trans og tengslin milli lýsinga á seið og lýsinga á hamskiptum. Grundvallaratriði seiðsins er þá einhvers konar alsæluástand, en þær píslir sem átti að gangast undir á undan áttu að vera aðferðir til þess að auka alsæluna. Innvígsla og endurfæðing eru þá hluti af seiðnum og geispi markar upphaf og endi alsælnunnar, ferð sálarinnar og eiginleika sjamansins til þess að umbreyta sér í dýr.<sup>5</sup>

<sup>3</sup> Ólafur Briem, *Norræn goðafræði*, bls 36.

<sup>4</sup> *Frigg og Freyja, Kvenleg goðmöggn í heiðnum sið*, Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 2007.

<sup>5</sup> Shamanism in the Old Norse Tradition: A Theory between Ideological Camps“, *History of Religions* (vol. 43 no. 2) bls 116–138, The University of Chicago Press 2003.

Hvað svo sem heiðnir menn til forna hugsuðu sér með sögnina af Óðni á aski Yggdrasils er ljóst að í henni má finna margar samsvaranir við vígslu og endurfæðingu í trúarbrögðum og siðum út um allan heim. Sem móðir sé ég samsvaranir við sköpun nýs lífs, hvernig fylgjan, lífsins tré, batt mig og barnið mitt saman og það fæddist hangandi í þessu tré. Ég sé hvernig barnið mitt er áfram hluti af mér, í nýjum líkama og ég sé í því nokkurs konar samsvörun við endurfæðingu. Ég læri af barninu mínu og barnið mitt lærir af mér og í móðurhlutverkinu uppgötva ég leyndardóma sem ég vissi ekki að væru til og upplifi stærsta ævintýri lífs míns. Við munum líklega aldrei vita fyrir vist hver merkingin á bak við Óðin og vist hans á Yggdrasil er, en sagan gefur okkur svo sannarlega tilefni til vangaveltna og vonandi frekari rannsóknna í framtíðinni.

*Hulda Sif Ólafsdóttir*

*Greinin er útdráttur úr ritgerð hennar við Háskóla Íslands.*

## Fyrirlestraröð

Eftir áramót fer af stað röð spennandi fyrirlestra þar sem fræðimenn og listamenn bregða nýju og óvæntu ljósi á varðveislu og viðgang hins forna arfs og gilda.

Þar má nefna þá félagi Friðrik Erlingsson og Gunnar Karlsson sem fjalla um teiknimyndina „Þór, hetjur Valhallar“ og varpa ljósi á þá vinnu sem fór fram að tjaldabaki: Aðlögun godsagna að nútímanum, hvernig sögur þróast og öðlast sjálfstætt líf og þá þraut að myndgera goð, gyðjur, hetjur og jötna á kíminn hátt án þess að móðga meðlimi félagsins.

Skáldkonan og þjóðfræðingurinn Vilborg Davíðsdóttir fjallar um þrekvirkin Auði og Vígroða og þær frumrannsóknir sem liggja að baki.

Enn fremur fjallar Sveinn Yngvi Egilsson um heiðið leynifélag Bessastaðaskóla-pilta, þversagnakennda afstöðu þeirra gagnvart Eddulist og ýmislegt annað sem hann tæpti á í snilldarritgerðinni „Óðinn sé með yður“ í undirstöðuritinu „Guðamjöður og arnarleir“.

Aðalheiður Guðmundsdóttir verður með erindið „Handverksmaðurinn og hetjan“ og Steindór Andersen bregður ljósi á kenningar og heiti Skáldskaparmála Snorra frá öndverðu fram á okkar dag.

Fleiri eiga eftir bætast í hópinn og dagskráin verður kynnt á heimasíðu félagsins.

Undirritaður ríður á vaðið á nýju ári þann 5. janúar með erindi sem nefnist „Óðinsgervingar á hvíta tjaldinu“ og þar verða einnig kynntar þrjúbjó samkomur á sunnudögum þar sem verður farið í gegnum frábærar, góðar, slæmar og sérdeilis vondar kvikmyndir sem tengjast heiðnum minnum.

*Hilmar Örn Hilmarsson  
Allsherjagoði*

## Við viljum gefa

Með Vorum sið er að þessu sinni dreift bæklingi um líffæragjafir. Í hverjum bæklingi eru innfelld tvö líffæragjafaskírteini sem fara vel í veski þar sem þau eru í kreditkortastærð. Með því að fylla skírteinin út og ganga með þau á sér geta berendur þeirra sýnt vilja sinn til líffæragjafar ef sú staða skyldi koma upp að á það reyni. Með framtakinu lýsir félagið yfir stuðningi við átaki SÍBS um að efna til umræðu um líffæragjafir. Það er upplifun lögréttumanna að ásatrúarmenn séu almennt hlynntir líffæragjöfum og vilja auðvelda þeim að koma afstöðu sinni á framfæri með því að gefa út skírteinin og dreifa þeim til félagsmanna. Það er svo val hvers og eins félagsmanns hvort hann kys að taka þátt.

Allar fræðilegar upplýsingar í bæklingnum eru fengnar úr sambærilegri útgáfu Embættis landlæknis og fengum við góðfúslegt leyfi þess til að nýta þær með þeim hætti sem gert er.

## Tilmæli um heiðna útför

Það sem greinir helst heiðnu skírteinin okkar frá fyrirmyndunum sem Embætti landlæknis hefur dreift í ýmsum útgáfum frá því 1993 er möguleiki að á að haka við reit þar þess er óskað að goði frá Ásatrúarfélaginu verði kvaddur til þess að annast útförina ef eigandi skírteinisins fellur frá. Enn í dag er það að gerast að heiðnir menn, sem hafa jafnvel verið virkir í starfi Ásatrúarfélagsins áratugum saman, eru kvaddir í kristinni kirkju undir sálmasöng og líkræðu prests. Yfirlýsing á líffæragjafaskírteini kemur vitanlega ekki í veg fyrir að það gerist en hlýtur að auka líkurnar á því að aðstandendur virði ósk hins látna. Á upplýsingavef stjórnvalda, Ísland.is, segir: „Við skipulagningu útfarar er æskilegt að fara að óskum hins látna ef þær liggja fyrir og taka nauðsynlegar ákvarðanir í ljósi þeirra.“ Vilji menn tryggja að ekki verið vikið frá vilja þeirra um tilhögun útfarar er þó vissara að undirrita plagg þess efnis, fá staðfestingu vitundarvotta og vista það hjá aðila sem til þess er treyst, jafnvel fleiri samrit á nokkrum stöðum. Og úr því að farið er að ræða útfarir og tilhögun þeirra er rétt að minna á grein Jóhönnu Harðardóttur, *Hefðbundin útför*, sem birtist í Morgunblaðinu 14. september á þessu ári og lesa má á vef Ásatrúarfélagsins. Slóðin er: [http://asatru.is/2012/09/hefðbundin\\_utfor](http://asatru.is/2012/09/hefðbundin_utfor)

Bjarki Karlsson  
ritari lögréttu



## Jól fyrr og nú

Uppruni jólahalds er rakinn til sólhvarfahátíða heiðinna manna, sem fögnuðu endurkomu sólarinnar sem lífgjafa. Kristnir menn ákvörðuðu að Jesú hefði fæðst um þetta leyti árs og settu jólin á svipaðan tíma og sólhvarfahátíðin var áður. Með því móti glötuðu menn ekki miðsvetrarhátíðinni þó að þeir skiptu um trú.

Í *Lesbók MBL* 24. des. 1925 er fjallað um forna jólasíði:

Margar sagnir sanna, að forfeður vorir hafa haldið hátíð mikla um miðsvetrarskeið, og kallað jól. En upphaflega mun þó nafnið jól eigi hafa táknad hátíð, heldur hefur það verið mánaðarnafn eða missera. Gotar í Austur-Evrópu nefndu nóvember fyrri mánuð jóla og desember annan. Hjá Engil Söxum hjetu mánuðirnir desember og janúar jól. Og í fornorrænu hjet einn mánuður ársins (frá því í nóvember og fram að jólum) Ýlir, og er það nafn dregið af jól.

Flestir telja að sólhvarfahátíð, Jólin, sem vér nú höldum helg 25. desember, eru komin í stað jóla heiðingjanna. Fyrst í stað hjelt kirkjan afmælishátíð Krists hinn 6. janúar, en á 4. öld var þessu breytt, vegna þess, að kristnir menn hjeldu alltaf upp á hin heiðnu jól eða tóku þátt í fögnuðinum út af því, að sólin hækkaði aftur göngu. Og þessi breyting var rjettlætt með því, að sólhvörfin væri afmælishátíð hinnar einu sönnu sólar, Krists, „rjettlætisins sólar“. Jólunum má og eigna síði þá, sem bundnir eru við Eldbjargarmessu (7. jan.). Þá drukku menn Eldbjargarminni sem fagnaðaröl út af því að þá kemur sólin aftur með eld sinn.“

Í *Lesbók MBL* 1949 er fjallað um heiðin jól og kristin jól:

Samkvæmt gamla tímatalinu voru sólhvörf 25. desember. Prokópis segir; á 6tu öld, að íbúar Thule í norðrinu seu í myrkri, um vetur, 40 daga, þegar 35 þeirra eru liðnir, senda þeir menn upp á fjallatinda að vita hvort sjái til sólar. Ef þeir sjá til hennar, byrjar veislufögnuður hjá öllum. Nú var fæðingardagur Krists ókunnur, og var ekki haldinn hátíðlegur fyr en seint á 4ðu öld e.Kr. „Kristur er sólin, sem sigar myrkrið“, endurhljómar í kristnum ritum. velja menn honum því fæðingardag, þegar sólin, lífgjafinn, færir oss hita og ljós. Armeníumenn, sem tóku kristni einna fyrstir af öllum þjóðum, halda enn jólin 6. janúar, þ.e. á þrettánda.

Páll Vídalín skrifaði um jól og heiðni: „Jól er eldra orð í norrænu máli en kristnin sjálf. Orðið þýðir veisla líkt og orðið blót. Kom það í stað veturnátta blóts heiðingja.“

Elsta vísbending um jólahald er í kvæði um Harald hárfagra sem talið er frá 9. öld. Þar er hann sagður vilja ‘drekka jól úti’ og ‘heyja Freys leik’. Í Heimskringlu segir að Hákon konungur Aðalsteinsfóstri hafi um miðja 10. öld fært jólahald Norðmanna frá einhverri ‘hökunótt’, sem enginn veit hvenær var, til sama tíma og kristnir menn héldu fæðingarhátíð Frelsarans. Líklegast er að tímasetning hinna fornu jóla hafi ekki verið á neinum vissum degi eftir okkar almanaki, heldur þegar vel stóð á tungli í svartasta skammdeginu.

Textinn, sem er lítilla styttur, er fengin að láni af vefsíðunni:  
<http://www.ferlir.is/?id=6944>

*Egill Baldursson*

## Frá lögsögumanni

Á jólonum er gleði og gaman, fúmm fúmm fúmm — kvað skáldið. Jólin nálgast með sínum venjulega hraða og ýmsar vangaveltur barna um jólin fara á stjá. Fullorðnir eiga líka sínar vangaveltur um jólin og undanfarin ár hafa aðferðir menntakerfisins við undirbúning jóla verið gagnrýndar harðlega. Börn eru dregin í kirkjur landsins, yfir þeim predikað að jólin séu haldin hátíðleg 24. desember vegna fæðingu gyðings af arabaættum — sem einhverjir vísindamenn hafa reyndar fært rök fyrir því að hafi fæðst einhvern tímann í október. Börnin fá stundum piparkökur og jafnvel heitt kakó en þurfa einmitt á meðan að hlýða á boðskap sem í sumum tilvikum samrýmist ekki þeirra trúarskoðunum eða trúarskoðunum foreldra þeirra. Þetta fer mjög í taugar-  
mar á mér og veit ég að margir félagsmenn Ásatrúarfélagsins gera athugasemdir við þetta. Mín skoðun er einfaldlega sú að ef fólk vill uppfræða börn sín um trú, athafnir tengdar trú og trúmál almennt þá sé það ekki menntakerfisins að standa í því heldur foreldranna. En nóg af nöldri í bili.

Á dögum kom til mín mætur maður sem spurði mig hvort ásatrúarmenn ættu sér ekki einhver nútíma jólalög — eitthvað svona popp eða rokk. Mig rak í rogastans og ég varð að játa mig sigraðan. Ég veit — án þess að lesa yfir félagatalið — að innan félagsins eru allnokkrir tónlistarmenn og góðir textahöfundar. Það væri gaman að eiga einhver heiðin jólalög sem væru gott mótvægi við það sem glymur úr útvarps-  
tækjum landsins fyrir jólin — sem í grunninn er heiðin hátíð.

Í október var haldið árlegt Allsherjarþing Ásatrúarfélagsins. Eins og fram kom í síðasta tölublaði voru lagðar fram lagabreytingatillögur. Þær voru allar samþykktar. Enn fremur var kosið í lögrétta og er nánar fjallað um það annars staðar í þessu blaði.

Á Allsherjarþinginu var Jóhannes Ágústsson endurkjörinn sem skoðunarmaður reikninga. Jóhannes var í hópi þeirra manna sem stofnuðu félagið fyrir 40 árum. Jóhannes lést 15. nóvember síðastliðinn og vil ég votta vinum og ættingjum hans mína dýpstu samúð.

Undanfarið hefur umræða um líffæragjafir farið hátt. Lögrétta og goðar hafa unnið að því að koma saman bæklingi sem inniheldur m.a. kort sem einstaklingar geta borið á sér sem gefur það óvæfengjanlega til kynna að um líffæragjafa sé að ræða. Þess er nánar getið í þessu blaði.

Að vanda vil ég endilega hvetja þá sem hafa áhuga á að aðstoða okkur við opnu húsin á laugardögum eða vera með í framkvæmd blóta að hafa samband við mig á netfangið [logsogumadur@asatru.is](mailto:logsogumadur@asatru.is). Sigrún B. Einarsdóttir hefur tekið að sér að styra blótsmálum en margar hendur vinna létt verk.

Að lokum minni ég á opnu húsin sem eru á laugardögum frá 14–16 að Síðumúla 15. Kaffi og gosdrykkir eru í boði félagsins ásamt gömsætu meðlæti. Við hvetjum fólk til að taka með sér gesti á opnu húsin. Upplýsingar um uppkomur, blót og annað má finna á vef okkar, [asatru.is](http://asatru.is) og á Facebook-síðunni okkar. Símatíminn er sá sami og verið hefur, á týsdögum og þórsdögum milli klukkan 14 og 16. Síminn er 561 8633.

*Með virðingu og friði,  
Hallur Guðmundsson*